

Fundargerð 992. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 23. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Hjördís Ýr Johnson boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 991. fundar - 2509141SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 991. fundar stjórnar Sambandsins frá 12. desember, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Umhverfis- og innviðanefnd - 2509148SA

Lögð fram fundargerð 6. fundar umhverfis- og innviðanefndar Sambandsins frá 25. nóvember 2025.

3. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2509327SA

Lögð fram fundargerð 42. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 17. desember 2025. Sviðsstjóri þróunarsviðs gerði jafnframt grein fyrir því að bæði borgarráð og stafrænt ráð Reykjavíkurborg hefur samþykkt að taka formlega þátt í stafrænu samstarf sveitarfélaga á vettvangi Sambandsins og leggja samstarfinu til sérstakt fjármagn til að styrkja enn frekar stoðir samvinnu samstarfs.

Stjórn Sambandsins fagnar því að Reykjavíkurborg hafi samþykkt að formgera þátttöku sína inn í stafrænt samstarf sveitarfélaga og mun þetta án efa styrkja samstarf sveitarfélaga á sviði stafrænna mála enn frekar.

Hildur Björnsdóttir kom inn á fundinn kl. 12:30.

4. Millipinganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2509047SA

Lögð fram að nýju niðurstaða starfshóps um endurskoðun á samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögur starfshópsins voru teknar fyrir á fundi stjórnar í október en þá taldi stjórn ekki ástæðu til að boða til aukalandsþings í nóvember 2025 til að afgreiða tillögurnar.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir að leggja tillögu starfshópsins fyrir á næsta landsþingi Sambandsins.

5. Stefnumörkun Sambandsins 2026-2030 - 2601020SA

Kynning á yfirferð stefnumörkunar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022-2026.

Stjórn þakkar fyrir greinagóðar yfirferð á stefnumörkuninni og þeim árangri sem hefur náðst á yfirstandandi kjörtímabili. Áfram verður unnið með efni til frekari framsetningar á árangri kjörtímabilsins.

6. Stjórn Loftslags- og orkusjóðs - 2601015SA

Lagt fram minnisblað stjórnisýslusviðs Sambandsins, dags. 21.01.2026, um fulltrúa sveitarfélaga í stjórn Loftslags- og orkusjóðs.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir að óska eftir því við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að hann breyti lögum um loftslags- og orkusjóð nr. 76/2020 á þann veg að sveitarstjórnarstigið eigi sinn fulltrúa til jafns við fulltrúa annarra hagaðila í stjórn Loftslags- og orkusjóðs.

7. Tillaga borgarfulltrúa Viðreisnar um styttingu sumarfrís grunnskóla borgarinnar - 2601004SA

Lögð fram tillaga borgarfulltrúa Viðreisnar, dags. 16. september 2025, um að skoða styttingu sumarfrís grunnskóla borgarinnar, ásamt útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 16. september 2025. Málið er lagt fyrir nú þar sem mistök urðu við skjalavistun málsins í september 2025.

Stjórn þakkar fyrir erindið og vísar því til umfjöllunar í menntunar- og velferðarnefnd og kjaramálanefnd Sambandsins. Að því loknu verður erindið aftur tekið fyrir á fundi stjórnar sem haldinn verður 27. febrúar nk.

8. Beiðni Samorku til viðeigandi ráðuneyta um tilfærslu málaflökks vatnsveitna - 2601011SA

Lagt fram minnisblað stjórnisýslusviðs Sambandsins, dags. 22. janúar 2026, um beiðni um tilfærslu málaflökks vatnsveitna frá innviðaráðuneytinu.

Stjórn Sambandsins tekur jákvætt í þær tillögur sem Samorka hefur lagt fram um tilfærslu málaflökks vatnsveita milli ráðuneyta.

9. Skýrsla til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins vegna verkefna 2025 - 2509169SA

Lögð fram til kynningar skýrslan til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins vegna verkefna 2025.

10. Endurtilnefning í ráðgjafarnefnd náttúruminjaskrár - 2601009SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 6. janúar 2026, þar sem Jóhann Frímann Þórhallsson, varaoddviti í Fljótsdalshreppi, er tilnefndur sem aðalmaður í ráðgjafarnefnd náttúruminjaskrár, og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri í Húnaþingi vestra, til vara.

11. Tilnefning í spretthóp um ytra mat - 2512004SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 7. janúar 2026, þar sem Sigrún Harpa Magnúsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Reykjavíkurborgar, og Ingimar Guðmundsson, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, eru tilnefnd í spretthóp um ytra mat.

12. Tilnefning í landskjörstjórn - 2512008SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 17. desember 2025, þar sem Ebba Schram, borgarlögmaður, er tilnefnd til áframhaldandi setu í landskjörstjórn, og Valgerður Rún Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur Sambandsins, til vara.

13. Tilnefning í starfshóp um húsnæðismál fatlaðs fólks - 2601008SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 20. janúar 2026, þar sem Saga Guðmundsdóttir, aðalhogfræðingur Sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í starfshóp um húsnæðismál fatlaðs fólks, og María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á stjórnsýslusviði Sambandsins, til vara.

14. Tilnefning í nefnd um vinnutíma starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð - NPA - 2512034SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 20. janúar 2026, þar sem Freyja Sigurgeirsdóttir, lögfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í nefnd um vinnutíma starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), og María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á stjórnsýslusviði Sambandsins, til vara.

15. Umsögn aðgengi að vefsetrum og smáforritum opinberra aðila - 2512011SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 9. desember 2025, um aðgengi að vefsetrum og smáforritum opinberra aðila, 264. mál.

16. Umsögn um áform um lagasetningu - Frumvarp til laga um lagareldi - 2512028SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til atvinnuvegaráðuneytisins, dags. 15. desember 2025, áform um frumvarp til laga um lagareldi ásamt frummati á áhrifum lagasetningar, mál nr. S-235/2025.

17. Umsögn um frumvarp til laga um almannavarnir - 2512032SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 17. desember 2025, um frumvarp til laga um almannavarnir, 287. mál.

18. Umsögn um drög að landsáætlun gegn kynbundnu ofbeldi gegn konum - 2601003SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 5. janúar 2026, um drög að landsáætlun um kynbundnu ofbeldi gegn konum mál nr. S-231/2025.

19. Umsögn um áform um breytingu á lögum nr. 497/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum - 2509119SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 16. janúar 2026, um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, mál nr. S-154/2025.

20. Umsögn um drög að reglugerð um seyru - 2601023SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 20. janúar 2026, um drög að reglugerð um meðhöndlun seyru, mál nr. S-238/2025.

Fundi var slitið kl. 14:00